

**A 1730/præsídiet**

<b>Flytjandi</b>	Forsætisnefndin
<b>Afgreiðsla</b>	Forsætisnefndin

**Forsætisnefndartillaga um vinnu Norðurlandaráðs með áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

*að* nefndirnar deili ábyrgðinni á að fylgja markmiðunum eftir og að skrifstofa Norðurlandaráðs sjái til þess að vinnan sé hluti árlegra vinnuáætlana;

*að* nefndirnar skili árlegri skýrslu um starf sitt að sjálfbærnimarkmiðunum og skýrslurnar verði lagðar fram á árlegum fundi forsætisnefndar í desember. Forsætisnefnd skal eins og þörf krefur fylgja eftir skýrslum nefndanna á reglubundnum fundum með samstarfsráðherrunum, til vara forsætisráðherrunum, og ræða eftirfylgnina í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar;

*að* landsdeildir Norðurlandaráðs verði í framtíðinni hvattar til að taka einnig tillit til sjálfbærnimarkmiðanna þegar þær hver um sig taka ákvarðanir um forgangsverkefni í formennskuáætlunum sínum;

*að* fyrirspurnum um hvort tillagan eigi við eitt eða fleiri af sjálfbærnimarkmiðunum verði svarað í nefndarálitum um allar þingmannatillögur og ráðherranefndartillögur, að meðtöldum undirmarkmiðum, og ef svo er hvort þess sé vænst að framkvæmd tilmælanna geti aukið líkur á eða unnið gegn því að markmiðin náist;

*að* Norðurlandaráð stuðli að því að sjálfbærnimarkmiðin komist á dagskrá á öðrum alþjóðavettvangi og í þjóðþingunum;

*að* Norðurlandaráð eigi frumkvæði að norrænni hringborðsumræðu þar sem þingmenn norrænu þjóðþinganna miðla upplýsingum og hugmyndum um hlutverk þjóðþinganna í framkvæmd sjálfbærnimarkmiðanna.

**Aðdragandi**

Norðurlandaráð ákvað haustið 2016 að koma á fót vinnuhópi með fulltrúum fagnefndanna og forsætisnefndar til þess að kanna hvort grundvöllur væri og ef svo væri móta tillögu um hvernig Norðurlandaráð gæti stuðlað að framkvæmd markmiðanna í sjálfbærnimarkmiðum SP fram til ársins 2030.



Vinnuhópur Norðurlandaráðs um sjálfbærnimarkmið SP fram til ársins 2030 hefur nú mótað tillögu um hvernig Norðurlandaráð geti stuðlað að framkvæmd markmiðanna.

### **Sjónarmið forsætisnefndarinnar**

Forsætisnefndin telur það vera mikilvægt að beita sér fyrir sjálfbærnimarkmiðum SP fram til ársins 2030 og að þess sjáist glögg merki í starfi Norðurlandaráðs.

Forsætisnefndin leggur því til að innra starf Norðurlandaráðs og starf í alþjóðlegu samhengi beri þessa merki.

Reykjavík, Íslandi, 20. september 2017

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Hans Wallmark (M)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Mikkel Dencker (DF)*

*Oddný G. Harðardóttir (A)*

*Phia Andersson (S)*

*Rigmor Andersen Eide (KrF)*

*Robert Halef (KD)*

*Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)*

*Sonja Mandt (A)*

*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*

*Wille Rydman (saml)*